

Mannréttindasáttmáli Evrópu (stytt útgáfa fyrir börn)

I. kafli: Réttindi og frelsi

1. grein. Skylda til að virða mannréttindi:

Ef þið búið í landi þar sem þessi sáttmáli hefur verið samþykktur, þá njótið þið þessara borgaralegu og stjórn-málalegu réttinda, hvort sem þið eigið þar ríkisfang eða ekki.

2. grein. Réttur til lífs:

Þið eigið rétt til lífs og sá réttur er verndaður með lögum.¹

3. grein. Bann við pyndingum:

Engum leyfist að pynda, meiða eða niðurlægja ykkur.

4. grein. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu:

Engum leyfist að koma fram við ykkur eins og þræla og þið skuluð ekki gera neinn að þræl ykkar. Enginn getur neytt ykkur til að vinna.

5. grein. Réttur til frelsis og mannhelgi

Þið eigið rétt á að búa við frelsi og öryggi. Engum er heimilt að svipta ykkur þessum rétti, nema lögum samkvæmt. Sá sem tekinn er höndum nýtur ýmissa réttinda, t.d. að fá vita hver ástæða þess er á tungumáli sem hann skilur, að málsmeðferð fari fram án tafar og hann skuli látinn laus ef handtaka reynist ólögmæt.

6. grein. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi:

Séuð þið sökuð um ólöglegt athæfi eigið þið rétt á réttlátri, opinberri málsmeðferð.

7. grein. Engin refsing án laga:

Ykkur skal ekki refsað fyrir verknað sem ekki var talinn refsiverður þegar hann var framinn.

8. grein. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta:

Þið eigið rétt á vernd ef einhver reynir að fara inn á heimili ykkar, opna póstin ykkar eða valda ykkur og fjölskyldu ykkar óþægindum, nema rökstudd ástæða liggir fyrir.

9. grein. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi:

Þið njótið hugsanafrelsis og trúfrelsis. Ykkur er frjálst að ástunda trú ykkar og einnig að skipta um trú.

10. grein. Tjóningarfrelsi:

Þið hafið frelsi til að hafa skoðanir og þar með til að segja það sem þið viljið. Ykkur skal vera heimilt að greina frá hugmyndum ykkar og skoðunum á hvaða hátt sem er, svo sem í dagblöðum og tímaritum, sjónvarpi og á netinu.

11. grein. Funda- og félagafrelsi:

Þið eigið rétt á að taka þátt í friðsamlegum félagsskap og þar með rétt á að stofna og ganga í stéttarfélög.

12. grein. Réttur til að stofna til hjúskapar:

Þegar þið hafið náð lögaldri eigið þið rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu.

13. grein. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns:

Hafi einhver, einstaklingur eða stjórnvöld, brotið á rétti ykkar eigið þið rétt á aðstoð dómstóla eða annarra opinberra stofnana til að ná fram rétti ykkar.

14. grein. Bann við mismunun:

Þið njótið allra þeirra réttindi og frelsis, sem lýst er í samningi þessum, án tillits til kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

1 Í tveimur viðbótum við samninginn (svonefndum samningsviðaukum) er kveðið á um afnám dauðarefsingar í Evrópu.



15. grein. Skerðing réttinda á hættufímum:

Stjórnvöld geta vikið frá þeim skyldum sínum að vernda þessi réttindi og frelsi á stríðstímum. Þessi undantekning á þó ekki við 2. grein, réttinn til lífs.

16. grein. Skorður við stjórn málaumsvifum útlendinga:

Stjórnvöld geta ekki sett skorður við stjórn málaumsvifum ykkar af þeirri einföldu ástæðu að þið séuð ekki með ríkisfang í landinu.

17. grein. Bann við misnotkun réttinda:

Enginn einstaklingur, hópur eða stjórnvöld, hvar sem er í heiminum, má aðhafast nokkuð sem gerir að engu þau réttindi sem hér hafa verið upp talin.

18. grein. Takmörkun á skerðingu réttinda:

Réttindi og frelsi er einungis hægt að skerða samkvæmt ákvæðum þessa sáttmála.

II. kafli: Mannréttindadómstóll Evrópu

19. til 51. grein: Mannréttindadómstóll Evrópu, valdsvið hans og starfsemi:

Sáttmálinn kveður á um stofnun Mannréttindadómstóls Evrópu til að fara með mál sem einstaklingar og stjórnvöld leggja fyrir hann. Dómarar eru með öllu óháðir og eru kosnir af Evrópuráðsþinginu.

III. kafli: Ýmis ákvæði

52. til 59. grein. Framkvæmd ákvæða samnings þessa:

Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur eftirlit með að ríki virði samning þennan og standi við þær skyldur sínar að efla og vernda mannréttindi.

Samningsviðaukar við Mannréttindasáttmála Evrópu

Frá því að Mannréttindasáttmáli Evrópu var samþykktur árið 1950 hefur Evrópuráðið bætt við hann mikilvægum atriðum, svokölluðum samningsviðaukum, sem kveða enn frekar á um mannréttindi Evrópubúa. Meðal helstu réttinda sem bætt hefur verið við eru eftirfarandi:

Samningsviðauki nr. 1**1. grein. Friðhelgi eignarréttar:**

Þið eigið rétt á að njóta eigna ykkar í friði.

2. grein. Réttur til menntunar:

Þið eigið rétt á skólagöngu.

3. grein. Réttur til frjálstra kosninga:

Þið eigið rétt á að taka þátt í þingkosningum með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Samningsviðauki nr. 4**2. grein. Ferðafrelsi:**

Öllum þeim sem á löglegan hátt eru staddir í einhverju landi er frjálst að ferðast og dvelja þar sem þeir vilja og einnig að snúa aftur til heimalands síns.

Samningsviðaukar nr. 6 og 13**1. grein. Afnám dauðarefsingar:**

Ríki má ekki dæma neinn til dauða eða taka af lífi, hvorki á friðar- né stríðstímum.

Samningsviðauki nr. 7**2. grein. Rétturinn til áfrýjunar sakamáls:**

Þeir sem dæmdir hafa verið fyrir refsivert athæfi geta áfrýjað til hæstaréttar.

Samningsviðauki nr. 12**1. grein. Almennt bann við mismunun:**

Opinber yfirvöld mega ekki mismuna nokkrum einstaklingi á nokkurn hátt, svo sem vegna litarháttar, kynferðis, tungu, stjórnmálaskoðana, trúarbragða eða uppruna.

